

Hvalsaga.

I.

Hvalurinn er skemtileg skepna, blóðheita dýrið, sem sigrað hefir erfíðleika úthafsins. Hvað það lifgar í langri sjóferð, að sjá einhvern af þessum jötnum hvelfast upp úr hinum gráa sæ, andandi frá sér með krafti sem eimreið. Jónas Hallgrímsson hefir minst á þetta fróðlega í einu af dagbókarbrotum sínum, en því miður á dönsku.

Tvo tíma þykjast menn vita að sumir hvalir geti verið í kafi; eru slíkt afmíkil andardráttarfæri, enda eins og gos að sjá, er andað er frá sér, áður en blásturholið er komið alveg upp úr sjó. Og hvílikur kraftur býr í hvalshjarta. Svo hundruðum punda skiftir getur það verið á þyngd, og með fossnið knýr það hvíldarlaust, hundrað ár eða meira, blóðelfina um líkama, mikinn sem hafskip. Ekki þurfa gufuskip að reyna flyti við jötuninn, vg hafskip getur hann brotið, ef hann rennir sér á það. En það ber sjaldan við. Og niðast þó mennirnir á þeim og drepa þá, jafnvel með sprengikúlum, til þess að vinna úr þeim slík efni, sem mætti fá á annan hátt.

Hvalirnir mega fyrir afis sakir og vaxtar heita konungar dýraríkisins, og skíðishvalirnir lifa á smávikindum, sem deyja þrautalaust eða þraut-

lítið.

Sagan af aðdrifum eins af hinum minni skíðishvölum hefir staðið í blóðum hér nýlega. Það var inni í Hvalfirði, sem réðust á hann þessi grimmu rándýr meðal hvalanna, háhyrningar. Höfðu háhyrningar þessir líkt og mennirnir, hina mestu litilsvirðingu á lífi og velgengni þessa frænda síns, litu eingöngu á hann sem átu. Urðu þar harðar sviftingar, er háhyrningarnir bitu sig í hreftunni. En svo fóru leikar, eins og við var að búast þar sem margir voru um einn, að meinleysinginn fekk þar hinn versta dauðdaga sem hvalur getur fengið, og var lifandi jetian, það af honum, sem háhyrningarnir gáfu um.

III.

Slíkt einkenni of mjög lífið á jörðu hér. Sigur eins er of oft ósigur annars, efling og ánægja eins of oft kvöl og dauði annars. Þar sem vel vegnar, ris lífið fram eins og einhver furðuleg alda, og sigur eins er aldrei þar annars þjáning. Hinni líflausu náttúru er þar snúð til lífs, óþrotleg er sú afl-lind, þegar vald hefir náðst á henni. Og hið fullkomnara líf hefst æ hærra og lengra fram til fullkomnunar á undirstöðum hins ófullkomnara, styðst við það og veitir því aftur. Fagurómar lífsins hljóma betur og betur saman, hærra og hærra, dýpra og dýpra. En á hinum verri stöðum, eins og á jörðu hér, er meira um óhljóð og misym

(disharmoni). Milljónir alda hefir hér verið sótt í horfið til vitsins, sem átti að laga og bæta, og stilla til samræmis við hinar furðulegu myndir lífsins, þar sem vel vegnar. En sú framsókn hefir ekki verið sigursæl ennþá. Maðurinn er hið þjáðasta dýr jarðarinnar og hið fjandskaparsamasta. Misymurinn er hvergi meiri en í mannheiminum. Framrás lífsins hefir hér ekki náð hinni réttu stefnu. Og það virðist tvísýnt hvort nokkurn tíma tekst að samþætta þennan jarðlífsþátt, meginmagni heimslífsins. Háflóð dýralífsins á jörðu hér, er þegar um garð gengið, og mannlífið hefir naumast fyllt skarðið, og sízt nógu vel. Ef til vill liður mannkyn jarðar þessarar undir lok, án þess að hafa náð til fullkomnari lífmýnda, og hinar skynminni skepnur munu aftur fá að eiga sig einar á jörðu hér. En þó ræðir hér um þá hluti, sem lengi eru að gerast, og ekki að vita hvað verður.

II. nóv.

Helgi Þjóturss.

Met. 14 nov. 1915